

fréttabréf **bssl**

Janúar 2011 33. árgangur 1. tbl.

**Við áramót**

Nú er árið 2010 liðið og vert að nota áramótin til að staldra við, fara yfir liðna árið og strengja ný heit. Nýja árið hefur tekið á móti okkur með rýsjóttri tíð, einkum með þurrviðri og miklum vindi hér sunnanlands.

Mikil vinna hefur verið lögð að hálfu BSSL í þrjú stór og krefjandi verkefni á síðustu þremur árum. Þessi verkefni eru landbúnaðarsýningin á Hellu, fjármálaráðgjöf vegna bankahrunsins og vinna í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli. Hæft starfsfólk, fjárhagsleg staða og metnaður eigenda gera BSSL sveigjanlegt og hæft til þess að takast á hendur þessi nýju og stundum ófyrirséðu verkefni.

Vinna BSSL við eldgosíð á árinu 2010 er metin á eitt og hálf t ársværk. Það að eiga þess kost að leggja því kjarkmikla fólki sem í þessum hremmingum lenti lið er það eina sem máli skiptir. Ekki er hægt að meta til fjár hvað það þýðir fyrir bændur að hafa ráðunauta heima í héraði sem þekkja vel til staðháttar þegar áföll sem þessi duna yfir. Þó að búið sé að tilkynna goslok þá gætit áhrifanna ennþá eins og við höfum orðið illilega vör við undanfarna daga, ýmist í formi öskubyls og/eða aurflóða.

Nú sjáum við fram á gjörbreytt rekstrarumhverfi fyrirtækja í landinu, þar sem allt fjármála-sukk og sóun er vonandi úr sögunni. Leggja þarf aukinn kraft í að ráðgjöf til bænda sem miðar að lækkingu framleiðslukostnaðar á búunum. Verðhækkunum á innlendum landbúnaðarvörum hefur verið haldið niðri en á sama tíma hafa erlendar matvörur hækkað verulega. Þetta framlag bænda hefur haft þau áhrif að tekist hefur að halda verðbólgunni niðri. Ekki verður lengur umflúið að bæta kjör bænda því nú herðir verulega að. Þar reynir á vilja ríkivaldsins til að standa vörð um innlenda framleiðslu.

Nýir tímar skapa einnig ný tækifæri fyrir okkar frábæru afurðir sem fleiri líta til. Á döfinni er vaxtarsprotanámsskeið á Suðurlandi og hvet ég þá sem luma á viðskiptahugmynd að nýta þau námskeið sem verða í boði.

Að lokum vil ég þakka stjórn og starfsfólki Búnaðarsambands Suðurlands, sunnlenskum bændum svo og Sunnlendingum öllum fyrir samstarfið á liðnu ári.

Nýárskveðja,

Guðbjörg Jónsdóttir, formaður stjórnar BSSL

efni bréfsins:

Breytingar á SUNNU.....	bls.2
Fundir um fjarvis.is.....	bls. 2
Frá gjaldkera FKS.	bls.2
Staðgreiðsla 2011.	bls.3
Hvað kostar að týna nótu?.....	bls. 3
Sauðfjárskýrslur...	bls.3
Nýr starfsmaður við túnkortagerð.....	bls.4
Áburðar-áætlanagerð.....	bls.4
Heimild til niðurfærslu greiðslumarks.....	bls.4
Aðalfundur Félags ungra bænda.....	bls. 4
Námskeið.....	bls. 4

»» Aðalfundur Félags kúabænda á Suðurlandi

Aðalfundur Félags kúabænda á Suðurlandi verður haldinn mánudaginn 31. janúar n.k. í Árhúsum á Hellu. Aðalfundurinn hefst með léttum hádegisverði kl. 11.30 í boði félagsins en fundarstörf hefjast kl. 12.00. Auk hefðbundinna aðalfundarstarfa mun Stefán Haukur Jóhannesson, aðalsamningamaður vegna aðildarviðræðna Íslands og ESB ávarpa fundinn.

Skipuð hefur verið kjörnefnd til undirbúnings kosninga í félagsráð. Þeim sem vilja gefa kost á sér eða koma á framfæri uppástungum um fólk til þessara trúnaðarstarfa er bent á að setja sig í samband við nefndina, en hana skipa:

Ásmundur Lárusson Norðurgarði símar 486 5636 / 895 8436, Ari Árnason Helluvaði símar 487 5222 / 898 5423 og Kjartan Magnússon Fagurhlíð símar 487 4702 / 855 1902.

Stjórn Félags kúabænda á Suðurlandi

» Breytingar á SUNNU-verkefninu

Undanfarin ár hefur SUNNU-verkefni Búnaðarsambands Suðurlands notið fjárhagslegs stuðnings í gegnum búnaðarlagasamning sem gerður er milli Bændasamtakanna og ríkisvaldsins á hverjum tíma. Síðastliðið haust var endurnýjaður samingur milli BÍ og ríkisvaldsins um fjármuni, m.a. í svokallaðar markmiðstengdar búrekstraráætlanir sem SUNNU-verkefnið hefur verið hluti af. Þessi þáttur í núverandi búnaðarlagasamningi er algjörlega felldur út.

Í ljósi reynslu af SUNNU-verkefninu og breyttum fjárhagslegum forsendum er nauðsynlegt að endurskoða verkefnið í heild. Ákveðið hefur verið að halda verkefninu áfram sem slíku en það gert einfaldara en áður. Á árinu 2011 munu eftirtaldir þættir verða unnir í verkefninu:

- **Rekstrargreining fyrir hvert bú**
- **SVÓT-greining út frá rekstrargreiningu**
- **Heimsókn á bú eða á skrifstofu**
- **Unninn rekstrarlegur samanburður milli ára**
- **Unnið samanburðarblað milli búa í verkefninu „stóra samanburðarblaðið“**

Fyrir ofangreinda verkþætti verður innheimt árgjald í lok árs.

Öll önnur verk sem hafa verið unnin fyrir SUNNU-búin s.s. rekstraráætlanir, áburðaráætlanir og fóðuráætlanir verða unnin sérstaklega samkvæmt tímagjaldi, líkt og hjá öðrum bændum

Fundur um www.fjarvis.is

Fyrirhugað er að halda fjóra fundi í skýrsluhaldskerfinu fjarvis.is á starfssvæði búnaðarsambandsins. Jón Viðar Jónmundsson og Jón Baldur Lorange frá BÍ munu mæta á fundina ásamt Þóreyju Bjarnadóttur. Þau fara yfir og ræða hina fjölbreytilegu möguleika til að sækja margvíslegar upplýsingar í kerfið. Jafnframt er leitað eftir hugmyndum notenda um þá þætti sem brýnast er að lagfæra eða bæta við í kerfinu. Þá er mjög mikilvægt að bændur komi vel undirbúnir á fundinn til að einhverjar umræður skapist um kerfið. Þarna er kjörin vettvangur að koma fram með það sem ykkur finnst vera ábótavant í kerfinu sem og spurningar varðandi kerfið. Þá er gagnlegt að heyra frá notendum hverjir styrkleikar eða kostir fjarvis.is eru í dag

og hvernig sauðfjábændur nýta sér kerfið sem hjálpartæki.

Hver fundur gæti tekið rúmlega 2 klst. með fyrirlestrum og umræðum. Ekki er reiknað með því að bændur komi með tölvu með sér.

Fundað verður á eftirtöldum stöðum:

Mánudaginn 31. janúar í A- og V-Skaftafellssýslum

Smyrlabjörg..... kl: 14:00

Geirland..... kl: 20:00

Þriðjudaginn 1. febrúar í Rangárv.- og Árnessýslum

Árhús Hellu..... kl: 14:00

Stóra-Ármót..... kl: 20:00

» Frá gjaldkera FKS

Gleðilegt ár. Við þökkum félagsráði og öðrum félögum FKS samstarfið á liðnu ári.

Áður en árgjöldin eru innheimt á haustin yfirförum við félagatalið eftir okkar bestu vitund, en félagssvæðið er stórt og ekki auðvelt að þekkja alla. Þar sem rekin eru félagsbú eða hlutafélög vitum við ekki hverjir standa að búi og í sumum tilfellum eru einstaklingar að koma og fara úr rekstrinum. Þeir sem hætta mjólkurframleiðslu en halda áfram kjötframleiðslu detta sjálfkrafa út úr innheimtunni í gegnum Auðhumlu en eru að sjálfsögðu velkomnir að vera félagsmenn áfram. Því er nauðsynlegt að tilkynna allar svona breytingar til gjaldkera svo félagatalið sé sem réttast og ekki sé verið að rukka þá sem hættir eru framleiðslu. Þá viljum við hvetja fleiri kúabændur og þá líka nautakjötsframleiðendur að gerast félagsmenn. Félagið er að gæta hagsmuna allra nautgripabænda og rödd kjötframleiðenda á líka að heyrast. Við höfum t.d. fylgst með ásetningu og afsetningu nautkálfa og höldum árlega fundi með sláturhússtjórum á svæðinu til að fylgjast með markaðsmálum og gæta hagsmuna okkar.

Eins og innleggjendur mjólkur vita er MS hætt að taka við reikningum frá fyrirtækjum og innheimta í gegnum mjólkurreikninganna. Gjaldkeri hafði samband við stjórnarformann Auðhumlu og fékk leyfi til að innheimta félagsgjöldin áfram í gegnum mjólkurreikningana á þeim forsendum að félagar í FKS væru eigendur að Auðhumlu. Þetta auðveldar innheimtuna mjög mikið og skil á ággjöldum verða betri, öllum er þó heimilt að biðja um að fá sendan reikninginn og sjá sjálfir um greiðsluna. Ef hinsvegar við færum að innheimta árgjöldin í gegnum bankana væri það auka kostnað um 400 kr á hvert árgjald. Þar sem allt útlit er fyrir að við þurfum að standa fram fyrir launaskerðingu vegna hækkandi rekstrarkostnaðar, er aldrei brýnna en nú að standa saman að hagsmunum kúabænda.

Hvetjum við svo alla félagsmenn til að vera virkir í félaginu og koma boðum og umræðu um brýn málefni til félagsráðs og stjórnar. Í félagsráði er breiður hópur bænda sem á að koma sem víðast að innan svæðisins og endurspegla kúabúskapinn á svæðinu hvað varðar staðsetningu, starfsaldur bænda, stærð og gerð búa. Þannig auðveldum við tengsl allra bænda við félagið svo allra hagsmuna sé gætt sem best.

Stjórn FKS

» Staðgreiðsla 2011

Þrepaskiptur tekjuskattur

Staðgreiðsla skatta er reiknuð í þremur þrepum.

Útreikningur fyrir mánaðartekjur verður sem hér segir:

Af fyrstu 209.400 kr. 37,31%

Af næstu 471.150 kr. 40,21%

Af fjárhæð umfram 680.550 kr. 46,21%

Hér er átt við tekjur eftir að iðgjald í lífeyrissjóð hefur verið dregið frá. Frá reiknuðum skatti dregst persónuafsláttur, sem er 44.205 kr.

Vikulaun

Þegar laun eru greidd vikulega skal reikna staðgreiðslu skatta af launum sem hér segir.

37,31% af fyrstu 48.190* kr.

40,21% af 48.191-156.619** kr.

46,21% af launum umfram 156.619

Ef laun eru breytileg er heimilt að jafna þeim milli vikna, innan mánaðarins, þannig að staðgreiðsla mánaðarins verði rétt.

* $2.512.800/365 * 7 = 48.190$.

** $8.166.600/365 * 7 = 156.619$.

Persónuafsláttur á mánuði er 44.205 kr.

Persónuafsláttur ársins 2011 er 530.466 kr. eða 44.205 kr. á mánuði. Við ákvörðun staðgreiðslu opinberra gjalda frá og með 1. jan. 2011 skal því draga persónuafslátt frá reiknuðum skatti sem hér segir:

- Ef launatímabil er einn mánuður 44.205 kr.
- Ef launatímabil er hálfur mánuður 22.102 kr.
- Ef launatímabil er fjórtán dagar 20.346 kr.
- Ef launatímabil er ein vika 10.173 kr.
- Ef launatímabil er annað en að framan greinir skal ákvarða persónuafslátt launatímabils þannig:

Kr. $530.466/365 \times$ dagafjöldi launatímabilsins

Á vef RSK er að finna reiknivél en skrá þarf launafjárhæð, iðgjald í lífeyrissjóð og hlutfall persónuafsláttar sem það skattkort sýnir sem nýtt er hjá launagreiðanda.

Heimilt að nýta 100% afslátt frá maka

Þegar launamaður nýtir skattkort maka síns er launagreiðanda heimilt að nota allan þann persónuafslátt (100%) sem skattkortið veitir rétt til.

Frítekjumark barna er 100.745 kr.

Börn sem fædd eru 1996 og síðar og ná því ekki 16 ára aldri á árinu 2011 greiða 6% skatt án persónuafsláttar af tekjum sínum umfram 100.745 kr. Á skilagreinum RSK 5.12 og sundurliðunum RSK 5.06 skal tiltaka heildarlaun án tillits til frádráttar.

Frádráttur vegna iðgjalda í lífeyrissjóð

Greidd lífeyrissjóðsiðgjöld 4% af launum til viðurkenndra lífeyrissjóða samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda eru frádráttarbær og ber að taka mið af því við afdrátt staðgreiðslu. Heimilt er að veita til viðbótar frádrátt allt að 4% af iðgjaldsstofni til aukningar lífeyrisréttinda eða lífeyrissparnaðar samkvæmt ákvörðun sjóðsfélaga, enda séu iðgjöldin greidd reglulega til lífeyrissjóða eða aðila skv. 3. mgr. 8. gr. laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Sama gildir um iðgjöld manna sem hafa með höndum atvinnurekstur.

Tryggingagjald o. fl. til staðgreiðslu er 8,65%

Tryggingagjald er 8,35%. Að viðbættu gjaldi í ábyrgðarsjóð launa og markaðsgjaldi verður staðgreiðsla þessara gjalda 8,65%. Af launum sjómanna á fiskiskipum greiðast til við bótár 0,65% í iðgjald vegna slysatryggingar:

- Almennt tryggingagjald 4,54%
- Atvinnutryggingagjald 3,81%
- Tryggingagjald alls 8,35%
- Gjald í ábyrgðarsjóð v/ gjaldþrota 0,25%
- Markaðsgjald 0,05%
- **Samtals til staðgreiðslu 8,65%**

Um tryggingagjald vegna launa þeirra starfsmanna sem eru með vottorð E -101 gilda sérstakar reglur.

Hvað kostar að týna nótu?

Kostnaður við að týna nótu í einstaklingsrekstri er meira 50% af upphæð nóttunnar, að teknu tilliti til tapaðs innskatts, tekjuskatts og útsvars. Ef nóta fyrir keyptum búaðföngum upp á 25.000 kr. tapast er raunverulegur kostnaður búsins til viðbótar af þessum búaðföngum ekki aðeins virðisaukaskattsupphæðin, 5.080 kr. eins og sumir gætu haldið, heldur 13.089 kr. auk 25.000 kallsins sem greiddur var í upphafi. Nóta sem ekki kemur til frádráttar í búrekstrinum virkar einfaldlega sem tekjuaukning bóndans sem greiða þarf skatta af. Góð umhirða um nótur búsins er því peningur beint í vasann!

Sauðfjárskýrsluhaldið

Skil á haustupplýsingum

Síðasti skiladagur á haustupplýsingum til að halda gæðastýringargreiðslunum er 1. febrúar n.k. Þeir sem skila haustbókum vinsamlegast komið þeim á skrifstofur Búnaðarsambandsins á Selfossi, Hvolsvelli, Klaustri eða Höfn. Á skrifstofunni á Klaustri er ekki dagleg viðvera en skila má bókinni í bréfalúgunu á útihurðinni ef hún er læst. Það kemur manneskja reglulega á skrifstofuna og tekur bækurnar til skráningar. Þeir sem skila á netinu þurfa að ýta á „skil að hausti“ á gulu stikunni vinstra megin til að haustupplýsingarnar fari í uppgjör, annars er litið svo á að viðkomandi hafi ekki skilað þó svo að hann sé búinn að skrá allar haustupplýsingarnar.

» Nýr starfsmaður við tunkortagerð

Í desember s.l. kom Halla Kjartansdóttir til starfa hjá Búnaðarsambandinu. Halla er náttúrufræðingur að mennt og mun starfa við tunkortagerð fyrir bændur en mikil eftirspurn er eftir slíkum kortum. Þeir sem hug hafa á að láta gera fyrir sig tunkort er bent á að hafa samband við Höllu í síma 480 1813 eða netfangið hk@bssl.is.



Tunkortin eru unnin á lita-loftmyndir samkvæmt samningi Bændasamtakanna og búnaðarsambandanna við fyrirtækið Loftmyndir ehf. Tunkortin eru unnin á stafrænan hátt sem gerir það auðvelt að halda þeim við hafi þau einu sinni verið unnin. Með þessari tækni er vinnsla myndanna orðin bæði hröð og einföld. Góð tunkort eru þarfþing við skipulagningu ræktunar og gerð markvissra áburðar- og beitaráætlana. Tunkort eru þar með grunnstoð við stýringu á stærstu kostnaðarliðum í búrekstrinum.

Nánari upplýsingar um tunkortagerð er að finna á heimsíðunni okkar, www.bssl.is, undir Jarðrækt.

Aðrir starfsmenn BSSL sem sinna tunkortagerð eru Grétar Már Þorkelsson á Höfn og Kristján Bj. Jónsson á Selfossi.

Aðalfundur Félags ungra bænda á Suðurlandi

Föstudagskvöldið 4. febrúar verður haldinn aðalfundur Félags ungra bænda á Suðurlandi í Árhúsum á Hellu og hefst hann kl. 20:30. Tæpt ár er nú liðið frá stofnfundi félagsins sem heppnaðist afar vel. Nú er komið að því að gera upp fyrsta árið í starfi félagsins og leggja drög að framtíðarverkefnum. Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf s.s. skýrsla stjórnar og kosningar í stjórn og nefndir. Að loknum fundarstörfum fer síðan fram keppnin um skörpustu ungu sýslu Suðurlands 2011, Búsvar, þar sem Árnesingar eiga titil að verja.

Allir félagar F.U.B.S. er hvattir til að mæta og hafa áhrif á starf og stefnu félagsins, eins eru nýjir félagar velkomnir en allt ungt fólk á aldrinum 18 til 35 ára getur orðið aðilar að samtökunum, ekki er skilyrði að vera starfandi bóndi, einungis að hafa áhuga á málefnum landbúnaðar og landsbyggðarinnar.

Húsið opnar kl. 20 og er opið til kl. 01.00. Hægt verður að kaupa léttar veitingar á meðan fundinum stendur.

Stjórn F.U.B.S.

» Heimild til niðurfærslu keypts greiðslumarks féll úr gildi um áramót

Á Alþingi voru samþykkt lög um breytingar á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld þann 18. desember sl. og þar með talin breyting á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt. Með þeirri breytingu var felld niður heimild til að færa niður stofnkostnað við kaup á framleiðslurétti í landbúnaði. Mun breytingin gilda frá áramótum 2010/2011 þannig að greiðslumark sem keypt er eftir 1. janúar 2011 verður ekki heimilt að færa niður við kaup. Þrátt fyrir breytinguna var sett ákvæði til bráðabirgða svo þeim, sem keyptu greiðslumark fyrir þessi áramót, verði heimilt að klára niðurfærslu þegar keypts greiðslumarks svo og þess greiðslumarks sem keypt er á þessu ári.

Bráðabirgðaákvæðið er svohljóðandi:

"Þrátt fyrir brottfall 1. mgr. og 3. másl. 3. mgr. 32. gr. skal þeim aðilum sem keypt hafa framleiðslurétt í landbúnaði fyrir 1. janúar 2011, til hagnýtingar á framleiðsluárinu 2011, heimilt að færa þann stofnkostnað niður með jöfnum fjárhæðum á fimm árum, að frádreginni þeirri niðurfærslu og árafjölda sem þegar hefur átt sér stað."

Áburðaráætlanagerð

Nú fer að líða að því að bændur þurfa að panta áburð og býður Búnaðarsamband Suðurlands upp á áburðaráætlanagerð. Nú í ár verður sú nýbreytni að áburðaráætlanagerð verða unnar í jörð.is en ekki í NPK áburðarforritinu eins og áður hefur verið. Af þeim sökum er betra, en þó ekki nauðsynlegt, að vera með tunkort úr kortagrunni Loftmynda. Þeir bændur sem vilja nýta sér þessa þjónustu er beðnir um að hafa samband sem fyrst við Margréti í síma 480-1809 eða tölvupósti margret@bssl.is.

Námskeið á vegum HS í samstarfi við Endurmenntun Lbhí



Bygging hrossa

Laugardagur 12. febrúar, kl. 09:00–16:00 (8 kennslustundir) í Ölfushöllinni á Ingólfshvoli.

Hæfileikar hrossa

Laugardagur 12. mars, kl. 9:30–16:30 (8,5 kennslustundir), Harðarhöllin í Mosfellsbæ

Nánari upplýsingar á bssl.is og lbhi.is